

## Fyrirspurn

**til heilbrigðisráðherra um hjálpartæki fyrir börn.**

Frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur.

1. Hvernig er „mikil fötlun“ skilgreind við framkvæmd á 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 760/2021, er heimilar veitingu styrkja vegna tveggja hjálpartækja af sömu gerð til mikið fatlaðra barna og unglings?
2. Hvernig eru skil á milli frístundar og þjálfunar, með virkni og viðhaldsfærni barna og unglings með fötlun í huga, ákvörðuð við framkvæmd á fyrrgreindri reglugerð?
3. Hvað mælir gegn því að barn eða unglingsur með fötlun geti fengið styrk til þess að kaupa passandi reiðhjól til þess m.a. að viðhalda eða auka jafnvægi, færni og almenna hreyfingu og styrk?
4. Hvað mælir gegn því að barn með fötlun geti fengið styrk til þess að kaupa hjálpartæki til nota utan heimilis þó svo að slíkt hjálpartæki finnist á heimili barnsins, veggfast?

**Skriflegt svar óskast.**

---